

**REGLUGERÐ**  
**um fjárhæðir frítekjumarka (tekjumarka) almannatrygginga  
og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2013.**

## 1. gr.

Frítekjumörk (tekjumörk) bóta samkvæmt lögum nr. 100/2007 um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2013:

	<i>Frítekjumark kr. Efra tekjumark kr.</i>
a. Vegna fjármagnstekna (allar bætur)	98.640
b. Tekjutrygging vegna eigin atvinnutekna skv. 2. málsl. b-liðar 2. mgr. 16. gr.	480.000
c. Tekjutrygging vegna eigin atvinnutekna skv. ákvæði til bráðabirgða	1.315.200
d. Ellilífeyrir skv. 2. mgr. 17. gr.	2.575.220      4.209.764
e. Örorkulífeyrir skv. 5. mgr. 18. gr.	2.575.220      4.209.764
f. Örorkustyrkur skv. 1. mgr. 19. gr.	2.575.220      4.186.420
g. Örorkustyrkur skv. 2. mgr. 19. gr.	2.575.220      4.209.764
h. Aldurstengd örorkuuppbót (100%) skv. 1. mgr. 21. gr.	2.575.220      4.209.764
i. Tekjutrygging vegna lífeyrissjóðstekna skv. 2. mgr. 22. gr.	189.600
j. Tekjutrygging vegna lífeyrissjóðstekna skv. 3. mgr. 22. gr.	328.800
k. Vasapeningar skv. 3. málsl. 8. mgr. 48. gr.	899.095
l. Vasapeningar skv. 5. málsl. 8. mgr. 48. gr.	812.774

## 2. gr.

Frítekjumörk (tekjumörk) bóta samkvæmt lögum nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2013:

	<i>Frítekjumark kr. Efra tekjumark kr.</i>
a. Endurhæfingarlífeyrir skv. 1. mgr. 7. gr.	2.575.220      4.209.764
b. Sérstök uppbót skv. 2. mgr. 9. gr. Til lífeyrisþega sem fær greidda heimilisuppbót	210.922
Til lífeyrisþega sem fær ekki greidda heimilisuppbót	181.769

## 3. gr.

Tekjumörk bóta samkvæmt reglugerð nr. 1052/2009 um heimilisuppbót og uppbætur á lífeyri, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2013:

	<i>Efra tekjumark kr.</i>
Frekari uppbætur skv. 12. gr.	2.400.000

## 4. gr.

*Frítekjumark:* Með frítekjumarki er í reglugerð þessari átt við fjárhæð tekna á ári sem ekki hefur áhrif á bætur.

*Efra tekjumark:* Með efra tekjumarki er í reglugerð þessari átt við fjárhæð tekna á ári sem veldur því að bætur falla niður.

Nr. 1215

19. desember 2012

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 70. gr., sbr. 69. gr., laga nr. 100/2007 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 14. gr. laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytum, öðlast gildi 1. janúar 2013. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1232/2011, um fjárhæðir frítekjumarka (tekjumarka) almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2012, með síðari breytingu.

*Velferðarráðuneytinu, 19. desember 2012.*

**Guðbjartur Hannesson.**

*Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 31. desember 2012